



Samandreginn árshlutareikningur samstæðu

1. janúar til 30. september 2021

**Síminn hf.
Ármúla 25
108 Reykjavík
Kt. 460207-0880**

| | Bls. |
|---|--------|
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra..... | 2-3 |
| Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu..... | 4 |
| Efnahagsreikningur..... | 5 |
| Eiginfjáryfirlit..... | 6 |
| Sjóðstreymisyfirlit..... | 7 |
| Skýringar..... | 8 - 14 |
| Ársfjórðungsyfirlit..... | 15 |

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Símans hf. og dótturfélaga hans. Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Árshlutareikningurinn er hvorki endurskoðaður né kannaður af endurskoðendum félagsins.

Hagnaður var af rekstri félagsins sem nam 4.559 m.kr. samanborið við hagnað að fjárhæð 1.861 m.kr. á sama tímabili 2020. Hagnaður af reglulegri starfsemi nam 2.435 m.kr. samanborið við hagnað að fjárhæð 1.738 m.kr. á sama tímabili 2020. Heildartekjur félagsins á tímabilinu 1. janúar til 30. september voru 19.141 m.kr. samkvæmt rekstrarreikningi samanborið við 18.943 m.kr. á sama tímabili árið 2020. Eignir félagsins í lok tímabils námu 69.485 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eigið fé nam 31.301 m.kr. og var eiginfjárlutfallið 45%.

Í desember 2020 undirrituðu Síminn hf. og Crayon Group AS skuldbindandi samning um sölu Símans hf. á dótturfélaginu Sensa ehf. til Crayon. Uppgjör viðskiptanna átti sér stað í lok mars og var kaupverðið að fullu greitt í apríl. Söluverð félagsins var 3.710 m.kr. og nam söluhagnaður 2.057 m.kr. Sjá nánar í skýringu 13.

Þann 18. október sl. gekk Síminn hf. til einkaviðræðna við Ardian France SA um sölu á öllum eignarhlut í fjarskiptafélaginu Mílu ehf. Þeim viðræðum lauk þann 23. október með undirritun samnings um sölu á 100% hlutafjár í Mílu. Salan er háð hefðbundnum fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins.

Virði viðskiptanna (e. Enterprise value) er 78 milljarðar króna, að meðtöldum fjárhagslegum skuldbindingum Mílu sem kaupandinn yfirtekur. Samkvæmt kaupsamningi fær Síminn greitt á efnadegi um 44 milljarða króna í reiðufé og 15 milljarða króna í formi skuldabréfs til þriggja ára. Áætlaður söluhagnaður er 46 milljarðar króna að teknu tilliti til kostnaðar vegna viðskiptanna. Sjá nánar í skýringu 13.

Félagið endurfjármagnaði langtímalán sín á tímabilinu. Annars vegar með langtímaláni frá Arion banka að fjárhæð 6 ma.kr. og svo með langtímaláni til Mílu frá Íslandsbanka að fjárhæð 20 ma.kr. auk 1 ma.kr. lánalínu. Í lok júní gaf félagið út skammtímavíxla að fjárhæð 1,5 ma. kr.

Á aðalfundi Símans hf. þann 11. mars 2021 var samþykkt tillaga stjórnar um lækkun á hlutafé félagsins. Lækkun vegna eigin hluta nam 316 m.kr. að nafnvirði, hlutafé lækkaði því úr 8.750 m.kr. í 8.434 m.kr. Að auki var samþykkt tillaga stjórnar um lækkun á hlutafé með greiðslu til hluthafa að fjárhæð 8.000 m.kr. Nafnverðslækkun hlutafjár nam 894 m.kr. Hlutafé eftir lækkanir nemur 7.540 m.kr. Lækkun hlutafjár var framkvæmd í apríl. Á sama fundi var samþykkt tillaga um heimild til kaupa á eigin bréfum félagsins að hámarki 754 m.kr. að nafnverði og tillaga um arð að fjárhæð 500 m.kr. til hluthafa sem félagið greiddi í apríl. Í samræmi við ofangreinda heimild aðalfundar hafa verið keypt eigin bréf að nafnverði 122 m.kr. fyrir 1.340 m.kr. Áður höfðu verið keypt eigin bréf að nafnvirði 84 m.kr. fyrir 749 m.kr. að markaðsverði byggt á heimild aðalfundar 2020. Að öðru leyti vísast til árshlutareiknings um breytingar á eigin fé félagsins.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er árshlutareikningur félagsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið staðfestur af Evrópusambandinu. Er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2021, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess 30. september 2021 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2021. Jafnframt er það álit stjórnar og forstjóra að árshlutareikningurinn gefi glögg yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins og stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Stjórn og forstjóri Símans hf. hafa í dag fjallað um árs hlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2021 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 26. október 2021

Stjórn

Jón Sigurðsson, formaður

Sigrún Ragna Ólafsdóttir, varaformaður

Arnar Þór Másson

Bjarni Þorvarðarson

Björk Viðarsdóttir

Forstjóri

Orri Hauksson

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu

1. janúar til 30. september 2021

| | Skýr. | 2021 1.7.-30.9. | 2020* 1.7.-30.9. | 2021 1.1.-30.9. | 2020* 1.1.-30.9. |
|---|-------|--------------------|---------------------|--------------------|---------------------|
| Sala | 5 | 6.267 | 6.307 | 18.810 | 18.584 |
| Kostnaðarverð sölu | 6 | (2.993) | (3.143) | (9.360) | (9.295) |
| Framlegð | | 3.274 | 3.164 | 9.450 | 9.289 |
| Aðrar rekstrartekjur | | 114 | 113 | 331 | 359 |
| Rekstrarkostnaður | 7 | (1.862) | (1.939) | (6.007) | (6.784) |
| Rekstrarhagnaður | | 1.526 | 1.338 | 3.774 | 2.864 |
| Fjármunatekjur | | 75 | 51 | 191 | 141 |
| Fjármagnsgjöld | | (321) | (177) | (872) | (631) |
| Gengismunur | | 28 | (17) | (39) | (71) |
| Hrein fjármagnsgjöld | 8 | (218) | (143) | (720) | (561) |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | 1.308 | 1.195 | 3.054 | 2.303 |
| Reiknaðir skattar | | (251) | (233) | (619) | (565) |
| Hagnaður og heildarhagnaður af áframhaldandi starfsemi tímabilsins ... | | 1.057 | 962 | 2.435 | 1.738 |
| Aflögð starfsemi | 13 | 0 | 52 | 2.124 | 123 |
| Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins | | 1.057 | 1.014 | 4.559 | 1.861 |
| EBITDA | 4 | 2.974 | 2.805 | 8.071 | 7.243 |
| Hagnaður á hlut | | | | | |
| Grunnhagnaður á hlut | | 0,15 | 0,11 | 0,59 | 0,21 |
| Þynntur hagnaður á hlut | | 0,15 | 0,11 | 0,59 | 0,21 |

*Fjárhæðum vegna 2020 hefur verið breytt vegna sölu á Sensa ehf., sjá skýringu 13
Skýringar á blaðsíðum 8 - 14 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

Efnahagsreikningur 30. september 2021

| | Skýr. | 30.9.2021 | 31.12.2020 |
|--|------------------------------------|---------------|---------------|
| Eignir | | | |
| Fastafjármunir | | | |
| Rekstrarfjármunir | | 19.273 | 18.991 |
| Leigueignir | | 5.051 | 5.378 |
| Óefnislegar eignir | | 31.725 | 32.544 |
| Aðrar eignir | 9 | 624 | 544 |
| | Fastafjármunir | <u>56.673</u> | <u>57.457</u> |
| Veltufjármunir | | | |
| Birgðir | 10 | 1.288 | 1.127 |
| Viðskiptakröfur | 11 | 2.464 | 3.147 |
| Aðrar skammtímakröfur | 12 | 2.108 | 834 |
| Handbært fé | | 6.952 | 735 |
| Eignir flokkaðar til sölu | 13 | 0 | 1.906 |
| | Veltufjármunir | <u>12.812</u> | <u>7.749</u> |
| | Eignir samtals | <u>69.485</u> | <u>65.206</u> |
| Eigið fé | | | |
| Hlutfé | | 7.387 | 8.483 |
| Yfirverðsreikningur | | 4.081 | 13.041 |
| Annað eigið fé | | 154 | 154 |
| Annað bundið eigið fé | | 1.745 | 674 |
| Óráðstafað eigið fé | | 17.934 | 14.946 |
| | Eigið fé | <u>31.301</u> | <u>37.298</u> |
| Skuldir | | | |
| Langtímaskuldir | | | |
| Skuldabréfalán | | 24.878 | 14.289 |
| Leiguskuldbindingar | | 4.790 | 5.066 |
| Tekjuskattsskuldbinding | 14 | 343 | 670 |
| | Langtímaskuldir | <u>30.011</u> | <u>20.025</u> |
| Skammtímaskuldir | | | |
| Skammtímalán | | 1.518 | 500 |
| Viðskiptaskuldir | | 2.392 | 2.554 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | | 800 | 1.150 |
| Næsta árs afborganir leiguskuldbindinga | | 486 | 513 |
| Skattar til greiðslu | | 1.208 | 850 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 15 | 1.769 | 1.540 |
| Skuldir sem tengjast eignum sem flokkaðar eru til sölu | 13 | 0 | 776 |
| | Skammtímaskuldir | <u>8.173</u> | <u>7.883</u> |
| | Skuldir samtals | <u>38.184</u> | <u>27.908</u> |
| | Eigið fé og skuldir samtals | <u>69.485</u> | <u>65.206</u> |

Skýringar á blaðsíðum 8 - 14 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

Eiginfjáryfirlit 30. september 2021

| | Hlutfé | Yfirverðs- reikningur | Annað eigið fé | Annað bundið eigið fé | Óráðstafað eigið fé | Eigið fé samtals |
|---|--------|--------------------------|-------------------|-----------------------------|------------------------|---------------------|
| Eigið fé 1.1.2020 | 8.750 | 14.525 | 154 | 456 | 12.747 | 36.632 |
| Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins | | | | | 1.861 | 1.861 |
| Pýðingarmunur | | | | 1 | | 1 |
| Greiddur arður (0,057144 á hlut) | | | | | (500) | (500) |
| Keypt eigin bréf | (225) | (1.208) | | | | (1.433) |
| Eigið fé 30.9.2020 | 8.525 | 13.317 | 154 | 457 | 14.108 | 36.561 |
| Eigið fé 1.1.2021 | 8.483 | 13.041 | 154 | 674 | 14.946 | 37.298 |
| Hagnaður og heildarhagnaður tímabilsins | | | | | 4.559 | 4.559 |
| Greiddur arður (0,05953 á hlut) | | | | | (500) | (500) |
| Hlutfjárhlækkun | (890) | (7.077) | | | | (7.967) |
| Keypt eigin bréf | (206) | (1.883) | | | | (2.089) |
| Fært á bundið eigið fé | | | | 1.071 | (1.071) | 0 |
| Eigið fé 30.9.2021 | 7.387 | 4.081 | 154 | 1.745 | 17.934 | 31.301 |

Skýringar á blaðsíðum 8 - 14 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

Sjóðstreymisýfirlit 1. janúar til 30. september 2021

| | Skýr. | 2021 | 2020* | 2021 | 2020* |
|--|-------|--------------|--------------|--------------|--------------|
| | | 1.7.-30.9. | 1.7.-30.9. | 1.1.-30.9. | 1.1.-30.9. |
| Rekstrarhreyfingar | | | | | |
| Rekstrarhagnaður samkvæmt rekstrarreikningi | | 1.526 | 1.338 | 3.774 | 2.864 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | | | |
| Afskriftir | | 1.448 | 1.467 | 4.297 | 4.379 |
| Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna | | 0 | 0 | (1) | (4) |
| | | <u>2.974</u> | <u>2.805</u> | <u>8.070</u> | <u>7.239</u> |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | | | |
| Birgðir, (hækkun) lækkun | (| 30) | (14) | (123) | 166 |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, (hækkun) lækkun | (| 73) | 30 | 480 | 592 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) | | 97 | (608) | 268 | 492 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum | (| 6) | (592) | 625 | 1.250 |
| | | <u>2.968</u> | <u>2.213</u> | <u>8.695</u> | <u>8.489</u> |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta | | | | | |
| Innborgaðir vextir | | 61 | 52 | 173 | 139 |
| Greiddir vextir | (| 492) | (214) | (891) | (685) |
| Greiddir skattar | (| 148) | (124) | (590) | (499) |
| Handbært fé frá rekstri | | <u>2.389</u> | <u>1.927</u> | <u>7.387</u> | <u>7.444</u> |
| Fjárfestingarhreyfingar | | | | | |
| Fjárfesting í rekstrarfjárumnum | (| 947) | (920) | (2.663) | (2.912) |
| Fjárfesting í óefnislegum eignum | (| 152) | (94) | (1.030) | (1.222) |
| Söluverð rekstrarfjármuna | | 1 | 1 | 4 | 5 |
| Skuldabréfaeign, breyting | (| 355) | (56) | (606) | (118) |
| Áhrif af niðurlagðri starfsemi | 13 | 0 | 14 | 71 | 454 |
| Sala á eignarhlutum í dótturfélögum, að frádrögnum handbæru fé | 13 | 248 | 0 | 2.577 | 0 |
| Fjárfestingarhreyfingar | (| 1.205) | (1.055) | (1.647) | (3.793) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | | | | |
| Greiddur arður | | 0 | 0 | (500) | (500) |
| Kaup eigin bréfa | (| 892) | (983) | (2.088) | (1.433) |
| Útgreitt hlutfé | | 0 | 0 | (7.968) | 0 |
| Tekin ný langtímalán | | 0 | 0 | 26.000 | 0 |
| Afborganir langtímalána | (| 200) | 0 | (15.629) | (192) |
| Afborganir leiguskuldbindinga | (| 124) | (144) | (363) | (420) |
| Skammtímalán, breyting | | 0 | 0 | 1.018 | (600) |
| Fjármögnunarhreyfingar | (| 1.216) | (1.127) | 470 | (3.145) |
| (Lækkun) hækkun á handbæru fé | (| 32) | (255) | 6.210 | 506 |
| Áhrif gengisbreytinga á handbært fé | | 20 | (7) | 7 | (9) |
| Handbært fé í byrjun tímabilsins | | 6.964 | 976 | 735 | 217 |
| Handbært fé í lok tímabilsins | | <u>6.952</u> | <u>714</u> | <u>6.952</u> | <u>714</u> |

*Fjárhæðum vegna 2020 hefur verið breytt vegna sölu á Sensa ehf., sjá skýringu 13
Skýringar á blaðsíðum 8 - 14 eru óaðskiljanlegur hluti af árshlutareikningnum.

1. Starfsemi

Síminn hf. er hlutafélag og starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög. Höfuðstöðvar félagsins eru að Ármúla 25 í Reykjavík. Samstæðuárshlutareikningur fyrir tímabilið janúar til september 2021 hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess sem vísað er til í heild sem „félagsins“ og til einstakra félaga sem „dótturfélaga“.

Meginstarfsemi félagsins er á sviði fjarskipta og afþreyingar.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samandreginn árshlutareikningur Símans hf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2020. Valdar skýringar eru með árshlutareikningnum til að skýra og upplýsa um rekstur félagsins á tímabilinu og breytingar á fjárhagslegri stöðu frá síðasta ársreikningi.

Hægt er að nálgast ársreikninginn á vef félagsins, www.siminn.is og á vef Kauphallar Íslands: www.nasdaqomxnordic.com.

Stjórn og forstjóri félagsins samþykktu árshlutareikninginn og heimiluðu birtingu hans á stjórnarfundum þann 26. október 2021.

Grundvöllur matsaðferða

Samstæðuárshlutareikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsaðferð.

Starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill

Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins og eru fjárhæðir birtar í milljónum króna nema annað sé tekið fram.

Mat og ákvarðanir

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem breytingin á sér stað og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

3. Breytingar á reikningsskilaaðferðum

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2020.

4. Starfsþáttayfirlit

Yfirlit um starfsþætti veitir upplýsingar um einstaka þætti í rekstri félagsins og er sett fram með sama hætti og regluleg skýrslugjöf til stjórnar félagsins.

Starfsemi félagsins skiptist í sex starfsþætti sem selja vörur og þjónustu á mismunandi mörkuðum. Starfsþættirnir voru sjö áður en með sölu á Sensa fellur út starfsþáttur sem snéri að upplýsingatækni. Starfsþættirnir eru:

| Starfsþáttur | Lýsing |
|--------------------------|---|
| Farsímaþjónusta: | Farsímaþjónusta innanlands og erlendis, hvort sem heldur er hefðbundin GSM þjónusta, gervihnattaþjónusta eða önnur farsímaþjónusta. |
| Talsímaþjónusta: | Talsímaþjónusta fyrir fyrirtæki og einstaklinga. |
| Gagnaflutningur: | Gagnaflutningsþjónusta, þ.m.t. xDSL þjónusta, GPON, Internet, IP net, stofnnet, heimitaugar og aðgangsnét. |
| Sjónvarpsþjónusta: | Dreifing á sjónvarpsefni, áskrift, notkun og auglýsingar á miðlum félagsins. |
| Vörusala búnaðar: | Sala á fjarskiptabúnaði og fylgihlutum. |
| Annað: | Útseld þjónusta tengd fjarskiptum og upplýsingatækni. |

| Starfsþættir 1.1.-30.9. 2021 | Farsíma- þjónusta | Talsíma- þjónusta | Gagna- flutningur | Sjónvarps- þjónusta | Vörusala búnaðar | Annað | Samtals |
|---|----------------------|----------------------|----------------------|------------------------|---------------------|-------|-----------------|
| Rekstrartekjur | 4.362 | 1.181 | 6.645 | 4.728 | 1.509 | 716 | 19.141 |
| Óskipt rekstrargjöld | | | | | | | (11.070) |
| Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) | | | | | | | 8.071 |
| Afskriftir | | | | | | | (4.297) |
| Hrein fjármagnsgjöld | | | | | | | (720) |
| Reiknaðir skattar | | | | | | | (619) |
| Hagnaður af áframhaldandi starfsemi | | | | | | | 2.435 |
| Aflögð starfsemi | | | | | | | 2.124 |
| Hagnaður tímabilsins | | | | | | | 4.559 |
| Fjárfestingar | | | | | | | (3.689) |
| Óskiptar eignir 30.9.2021 | | | | | | | 69.485 |
| Óskiptar skuldir 30.9.2021 | | | | | | | 38.184 |
| Starfsþættir 1.1.-30.9. 2020 | Farsíma- þjónusta | Talsíma- þjónusta | Gagna- flutningur | Sjónvarps- þjónusta | Vörusala búnaðar | Annað | Samtals |
| Rekstrartekjur | 4.110 | 1.299 | 6.600 | 4.614 | 1.482 | 838 | 18.943 |
| Óskipt rekstrargjöld | | | | | | | (11.700) |
| Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) | | | | | | | 7.243 |
| Afskriftir | | | | | | | (4.379) |
| Hrein fjármagnsgjöld | | | | | | | (561) |
| Reiknaðir skattar | | | | | | | (565) |
| Hagnaður af áframhaldandi starfsemi | | | | | | | 1.738 |
| Aflögð starfsemi | | | | | | | 123 |
| Hagnaður tímabilsins | | | | | | | 1.861 |
| Fjárfestingar | | | | | | | (4.129) |
| Óskiptar eignir 30.9.2020 | | | | | | | 64.132 |
| Óskiptar skuldir 30.9.2020 | | | | | | | 27.571 |

Skýringar

| 5. Sala | 2021 | 2020 |
|---|-------------------|-------------------|
| Seld þjónusta og vörur greinast þannig: | 1.1.-30.9. | 1.1.-30.9. |
| Sala á þjónustu | 17.176 | 16.979 |
| Vörusala | 1.634 | 1.605 |
| | <u>18.810</u> | <u>18.584</u> |

Enginn einstakur viðskiptavinur er með meira en 10% af sölu félagsins.

6. Kostnaðarverð sölu

Kostnaðarverð sölu greinist þannig:

| | | |
|--------------------------------------|--------------|--------------|
| Laun og launatengd gjöld | 1.573 | 1.578 |
| Kostnaðarverð seldrar þjónustu | 3.030 | 2.998 |
| Samtengigjöld | 497 | 510 |
| Kostnaðarverð seldra vara | 1.493 | 1.511 |
| Eignfærð vinna | (588) | (682) |
| Afskriftir | 3.355 | 3.380 |
| | <u>9.360</u> | <u>9.295</u> |

Kostnaðarverð seldrar þjónustu samanstendur af; efniskostnaði, þjónustusamningum, leyfisgjöldum, aðkeyptri þjónustu og fjarskiptakostnaði.

7. Rekstrarkostnaður

Rekstrarkostnaður greinist þannig:

| | | |
|--|--------------|--------------|
| Laun og launatengd gjöld | 2.590 | 2.940 |
| Markaðs- og sölukostnaður | 408 | 344 |
| Húsnæðis- og bifreiðakostnaður | 529 | 475 |
| Tölvu- og hugbúnaðarkostnaður | 896 | 847 |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 642 | 1.179 |
| Afskriftir | 942 | 999 |
| | <u>6.007</u> | <u>6.784</u> |

8. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

Fjármunatekjur

| | | |
|--|------------|------------|
| Vaxtatekjur af bankainnistæðum og kröfum | 189 | 139 |
| Fenginn arður | 2 | 2 |
| | <u>191</u> | <u>141</u> |

Fjármagnsgjöld

| | | |
|---|---------------|---------------|
| Vaxtagjöld | (576) | (425) |
| Vaxtagjöld vegna leiguskuldbindinga | (186) | (178) |
| Niðurfærsla lána | (22) | (12) |
| Önnur fjármagnsgjöld | (88) | (16) |
| | <u>(872)</u> | <u>(631)</u> |

| | | |
|----------------------------|---------------|---------------|
| Gengismunur | (39) | (71) |
| Hrein fjármagnsgjöld | <u>(720)</u> | <u>(561)</u> |

Skýringar

| | 30.9.2021 | 31.12.2020 |
|-----------------------------------|------------|------------|
| 9. Aðrar eignir | | |
| Aðrar eignir greinast þannig: | | |
| Fjárfesting í öðrum félögum | 47 | 54 |
| Sjónvarpsefni til sýningar | 203 | 209 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 9 | 12 |
| Langtímakröfur | 365 | 269 |
| Aðrar eignir samtals | <u>624</u> | <u>544</u> |

10. Birgðir

Birgðir greinast þannig:

| | | |
|--|--------------|--------------|
| Vörur til endursölu og rekstrarvörubirgðir | 754 | 698 |
| Sjónvarpsefni til sýningar | 534 | 429 |
| Birgðir samtals | <u>1.288</u> | <u>1.127</u> |

11. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:

| | | |
|-----------------------------------|--------------|--------------|
| Viðskiptakröfur | 2.610 | 3.280 |
| Niðurfærsla viðskiptakrafna | (146) | (133) |
| Viðskiptakröfur samtals | <u>2.464</u> | <u>3.147</u> |

12. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:

| | | |
|-------------------------------------|--------------|------------|
| Fyrirframgreiddur kostnaður | 916 | 389 |
| Aðrar skammtímakröfur | 474 | 445 |
| Skammtímahlutabréfaeign | 718 | 0 |
| Aðrar skammtímakröfur samtals | <u>2.108</u> | <u>834</u> |

13. Breytingar á samstæðu

13.1. Sala á dótturfélagi

Í desember 2020 undirrituðu Síminn hf. og Crayon Group AS skuldbindandi samning um sölu Símans hf. á dótturfélaginu Sensa ehf. til Crayon. Uppgjör viðskiptanna átti sér stað í lok mars og var kaupverðið að fullu greitt í apríl. Endanlegt söluverð félagsins var 3.710 m.kr. Markmið með sölnunni er að útvíkka samstarf við Crayonsamstæðuna í heild og veita fyrirtækjum heilsteyptari þjónustu fjarskipta og upplýsingatækni samhliða því að lækka rekstrarkostnað félagsins. Sensa hefur fallið undir upplýsingatækni í starfsþáttasundurliðun.

Rekstur Sensa ehf. er nú tilgreindur í einni línu í rekstrarreikningi sem aflögð starfsemi. Samanburðartölum 2020 hefur verið breytt til samræmis.

13.1. Sala á dótturfélagi, frh.:

| | 2021 | 2020 |
|---|------------|------------|
| | 1.1.-31.3. | 1.1.-30.9. |
| Afkoma Sensa ehf. á tímabilinu ef eftirfarandi: | | |
| Tekjur | 1.058 | 2.933 |
| Sala innan samstæðu | (46) | (129) |
| Ytri tekjur | 1.012 | 2.804 |
| Gjöld | (1.097) | (3.189) |
| Gjöld innan samstæðu | 169 | 539 |
| Ytri gjöld | (928) | (2.650) |
| Hagnaður fyrir skatta | 84 | 154 |
| Skattar | (17) | (31) |
| Söluhagnaður | 2.057 | 0 |
| Samtals áhrif af aflagðri starfsemi | 2.124 | 123 |

Vegna sölnunnar voru eignir og skuldir Sensa ehf. flokkaðar sem eignir og skuldir til sölu í ársreikningi 2020.

| Í árslok voru eignir og skuldir Sensa ehf. eftirfarandi: | 31.12.2020 |
|--|------------|
| Viðskiptavild..... | 1.072 |
| Fastafjármunir..... | 219 |
| Birgðir..... | 84 |
| Viðskiptakröfur og aðrar kröfur..... | 508 |
| Tekjuskattsinnæign..... | 23 |
| Eignir flokkaðar til sölu..... | 1.906 |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir..... | 776 |
| Skuldir sem tengjast eignum flokkuðum til sölu..... | 776 |

13.2. Fyrirhuguð sala á dótturfélagi

Þann 18. október sl. gekk Síminn hf. til einkaviðræðna við Ardian France SA um sölu á öllum eignarhlut í fjarskiptafélaginu Mílu ehf. Þeim viðræðum lauk þann 23. október með undirritun samnings um sölu á 100% hlutfjár í Mílu. Salan er háð hefðbundnum fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins.

Virði viðskiptanna (e. Enterprise value) er 78 milljarðar króna, að meðtöldum fjárhagslegum skuldbindingum Mílu sem kaupandinn yfirtekur. Samkvæmt kaupsamningi fær Síminn greitt á efndadegi um 44 milljarða króna í reiðufé og 15 milljarða króna í formi skuldabréfis til þriggja ára. Áætlaður söluhagnaður er 46 milljarðar króna að teknu tilliti til kostnaðar vegna viðskiptanna.

Míla er heildsöluvyrtaði á fjarskiptamarkaði og felst kjarnastarfsemi Mílu í að byggja upp og reka innviði fjarskipta á landsvísu. Hlutverk Mílu er að selja lausnir sínar í heildsölu til fyrirtækja og stofnana sem stunda fjarskiptastarfsemi. Sérhæfing félagsins felst meðal annars í rekstri og ráðgjöf vegna uppbyggingar fjarskiptakerfa og aðstöðuleigu í tækjarýmum og möstrum. Kerfi Mílu eru grunnur að fjölbærri fjarskiptaþjónustu um allt land.

Í starfsþáttayfirliti samstæðunnar fellur meginhluti starfsemi Mílu undir gagnaflutning.

Við lok reikningsskiladags var ekki nægjanleg víska um sölu Mílu ehf. Því eru eignir Mílu ekki flokkaðar sem eignir til sölu í árshlutareikningnum. Gera má ráð fyrir að í ársreikningi félagsins fyrir árið 2021 verði Míla flokkuð sem eign til sölu.

14. Tekjuskattsskuldbinding

| Hreyfingar á reiknaðri tekjuskattsskuldbindingu greinast á eftirfarandi hátt: | 30.9.2021 | 31.12.2020 |
|---|------------|------------|
| Reiknuð tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun..... | 670 | 802 |
| Eignir til sölu..... | 0 | 9 |
| Tekjuskattur tímabilsins..... | 602 | 693 |
| Skattar til greiðslu á næsta ári..... | (929) | (829) |
| Leiðrétting frá fyrra ári..... | 0 | (5) |
| Tekjuskattsskuldbinding samtals..... | <u>343</u> | <u>670</u> |

15. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

| | | |
|--|--------------|--------------|
| Áfallinn kostnaður | 652 | 737 |
| Ógreidd laun og launatengd gjöld | 440 | 313 |
| Ógreiddur virðisaukaskattur | 664 | 479 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 13 | 11 |
| Aðrar skammtímaskuldir samtals | <u>1.769</u> | <u>1.540</u> |

16. Málarekstur

Félagið stendur í málarekstri vegna mála sem snúa að túlkunum á fjarskipta-, fjölmiðla- og samkeppnislögum.

Síminn og Sýn hafa átt í ágreiningi í tengslum við dreifingu á sjónvarpsefni. Póst- og fjarskiptastofnun (nú Fjarskiptastofnun) komst að þeirri niðurstöðu að Síminn hefði farið gegn fjölmiðlalögum sbr. ákvörðun PFS nr. 10/2018. Lagði stofnunin á sekt að fjárhæð 9 m.kr. sem félagið hefur þegar greitt. Síminn telur að háttsemi félagsins sé í fullu samræmi við ákvæði fjölmiðlalaga og höfðaði mál til ógildingar ákvörðunar Póst- og fjarskiptastofnunar. Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í málinu og ógilti ákvörðun PFS að hluta og lækkaði sektina niður í 7 m.kr. Síminn áfrýjaði málinu til Landsréttar og gerir kröfu um ógildingu. Í kjölfarið á ákvörðun PFS sendi Sýn kröfu til Símans um greiðslu skaðabóta að fjárhæð 1,9 ma.kr. Síminn hafnaði kröfunni og benti á að það mætti hvorki ráða af erindi Sýnar að skilyrði skaðabótaskyldu væri hendi né heldur væri gerð tilraun til að færa sönnur á ætlað tjón Sýnar. Að mati Símans var um tilhæfulausa kröfu að ræða og vísaði Héraðsdómur Reykjavíkur kröfu Sýnar frá dómi vegna vanreifunar. Í framhaldinu lagði Sýn fram beiðni um dómkvaðningu matsmanna og stefndi Símanum fyrir héraðsdómi Reykjavíkur til greiðslu skaðabóta að fjárhæð 125 m.kr. Síminn hafnaði málatilbúnaði Sýnar og skilaði greinargerð vegna málsins. Þá hefur Gagnaveita Reykjavíkur sent Símanum kröfu um greiðslu að fjárhæð 1,3 ma.kr. Síminn hafnaði kröfunni og benti á að það mætti ekki ráða af erindi Gagnaveitunnar að skilyrði skaðabótaskyldu væri fyrir hendi. Að mati Símans er um tilhæfulausa kröfu að ræða. PFS og Sýn hafa ennfremur höfðað mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og gert kröfu um að úrskurður úrskurðarnefndar póst- og fjarskiptamála nr. 7/2019 verði felldur úr gildi, en úrskurður nefndarinnar fól í sér ógildingu á ákvörðun PFS nr. 27/2019 þar sem stofnunin lagði sekt að fjárhæð 9 mkr. á Símann. Síminn mun gera kröfu um að úrskurður nefndarinnar standi óhaggaður.

IHM hefur stefnt Símanum til greiðslu 337 m.kr. auk vaxta og dráttarvaxta vegna meintra vangoldinna gjalda frá árinu 2009. Síminn hafnar málatilbúnaði IHM og hefur skilað greinargerð.

Þrátt fyrir að óvissa sé um niðurstöður þessara mála er það mat stjórnenda að ekki komi til verulegra fjárútláta vegna þeirra. Félagið hefur ekki fært neinn kostnað í reikningsskil sín vegna mögulegra bóta í framangreindum málum enda mat félagsins að þau séu tilhæfulaus.

16. Málarekstur, frh.:

Samkeppniseftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að Síminn hefði brotið gegn ákvörðunum Samkeppniseftirlitsins nr. 6/2015 og 20/2015 og lagði á sekt að fjárhæð 500 m.kr. sem Síminn greiddi. Síminn kærði ákvörðun Samkeppniseftirlitsins til áfrýjunarnefndar samkeppnismála og gerði kröfu um ógildingu ákvörðunarinnar. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála skilaði úrskurði í byrjun árs 2021 þar sem nefndin felldi úr gildi þann hluta ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins sem laut að meintu broti gegn 6/2015 og lækkaði sektina niður í 200 m.kr. Félagið er sem fyrr þeirrar skoðunar að fyrirkomulag um sölu á þjónustu félagsins sé fyllilega í samræmi við samkeppnislög og þær ákvarðanir sem félagið hefur gengist undir á grundvelli samkeppnislaga. Síminn hefur höfðað mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur með kröfu um ógildingu á þeim hluta úrskurðar áfrýjunarnefndar samkeppnismála sem laut að meintu broti á ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 20/2015. Samkeppniseftirlitið hefur enn fremur höfðað mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur þar sem gerð er krafa um að úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála er fól í sér ógildingu hluta ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 25/2020 og lækkun sektar, verði felldur úr gildi.

17. Atburðir eftir reikningsskiladag

Í október var undirritaður samningur um sölu á Mílu ehf. til Ardian France SA, sjá nánari umfjöllun í skýringu 13. Að öðru leyti hafa engir atburðir átt sér stað eftir lok reikningsskiladags sem höfðu áhrif á árshlutareikninginn eða veita þarf upplýsingar um.

Ársfjórðungsfirlit

Rekstur samstæðunnar greinist þannig á ársfjórðunga:*

| | 1 F 2021 | 2 F 2021 | 3 F 2021 | Samtals |
|--|--------------|--------------|--------------|--------------|
| Sala | 6.299 | 6.244 | 6.267 | 18.810 |
| Kostnaðarverð sölu | (3.215) | (3.152) | (2.993) | (9.360) |
| Framlegð | 3.084 | 3.092 | 3.274 | 9.450 |
| Aðrar rekstrartekjur | 109 | 108 | 114 | 331 |
| Rekstrarkostnaður | (2.071) | (2.074) | (1.862) | (6.007) |
| Rekstrarhagnaður | 1.122 | 1.126 | 1.526 | 3.774 |
| Hrein fjármagnsgjöld | (187) | (315) | (218) | (720) |
| Aflögð starfsemi | 2.140 | (16) | 0 | 2.124 |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | 3.075 | 795 | 1.308 | 5.178 |
| Reiknaðir skattar | (191) | (177) | (251) | (619) |
| Hagnaður tímabilsins | 2.884 | 618 | 1.057 | 4.559 |
| | | | | |
| EBITDA | 2.540 | 2.557 | 2.974 | 8.071 |

| | 1 F 2020 | 2 F 2020 | 3 F 2020 | 4 F 2020 | Samtals |
|--|--------------|--------------|--------------|--------------|---------------|
| Sala | 7.120 | 7.169 | 7.119 | 7.988 | 29.396 |
| Kostnaðarverð sölu | (3.802) | (4.118) | (3.819) | (4.753) | (16.492) |
| Framlegð | 3.318 | 3.051 | 3.300 | 3.235 | 12.904 |
| Aðrar rekstrartekjur | 126 | 107 | 106 | 204 | 543 |
| Rekstrarkostnaður | (2.214) | (2.743) | (1.997) | (2.107) | (9.061) |
| Rekstrarhagnaður | 1.230 | 415 | 1.409 | 1.332 | 4.386 |
| Hrein fjármagnsgjöld | (270) | (178) | (149) | (105) | (702) |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | 960 | 237 | 1.260 | 1.227 | 3.684 |
| Reiknaðir skattar | (196) | (154) | (246) | (172) | (768) |
| Hagnaður tímabilsins | 764 | 83 | 1.014 | 1.055 | 2.916 |
| | | | | | |
| EBITDA | 2.735 | 1.938 | 2.933 | 2.894 | 10.500 |

*Samanburðarfjárhæðum fyrir 2020 hefur ekki verið breytt vegna sölu á Sensa ehf. á árinu 2021